



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Mars 2014

Frá 4. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2013-2014 5.mars kl: 16:30

Mættir; Inga, Óskar, Linda, Hanna, Ægir og Aðalbjörg

Erindi hefur borist frá kennara skólans um að foreldrafélagið gefi skólanum Bob-spil. Erindi rætt og ákveðið að óska eftir nánari upplýsingum um spilið og hvernig notkunarmöguleikar eru á því.

Fræðslufundur frá Saft í samvinnu við sveitarfélagið Árborg var haldinn í Sunnulækjarskóla 25. Febrúar sl. Almenn ánægja var með fræðsluerindið enda um brýnt og áriðandi mál að ræða sem á erindi við alla foreldra. Mæting var sæmileg en hefði verið gaman að sjá fleiri foreldra á fyrirlestrinum.

Ákveðið að taka ekki ákvörðum um frekara fyrirlestrahald nema ef upp koma mál sem vekur athygli samfélagsins en vera þá vakandi fyrir að fá fyrirlestur í samræmi við það.





Gættu að hvað þú gerir á Netinu! Það sjá það allir

Netið er stórkostlegur upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika. Notum það ekki til að meiða og særa annað fólk og höfum ávallt í huga að allt sem við setjum á Netið endurspeglar hver við erum – og er öllum opið, alltaf.

Kom fram hugmynd um að skoða uppsetningu á einhverskonar æfingabraut fyrir skólahreysti. Óskar tekur að sér að kanna möguleika á því og kynna sér hvað hefur verið gert hjá skólum sem hafa farið út í slíkt. E.t.v. hægt að byrja á hluta af braut og bæta svo við á næstu árum.

Ákveðið að stefna að fundi með skólastjórnendum þegar lengra líður á önnina. Tökum saman efni sem þarf að ræða, m.a. um gæslu útskriftanema á skólalóðinni og áframhald á því verkefni næsta vetur.

Rætt um mikilvægi þess að á tenglafundi næsta haust verði farið vel yfir mikilvægi þess að foreldrar í hverjum árgangi hittist á foreldrafundi/kaffihúspjalli og stilli saman strengi t.d. varðandi, afmælisboð og afmælisgjafir, tölvu- og netnotkun, útivistartíma og fleira.

Næsti fundur stjórnar verði haldinn þriðjudaginn 29. Apríl kl: 16:30. á Kaffi Krús.

Aðalfundur foreldrafélagsins verði haldinn þriðjudaginn 20. Maí.

